

K. AUSTURRÍKI

Engin

L. PORTÚGAL

Engin

M. FINNLAND

Engin

N. SVÍBJÓÐ

Engin

O. BRETLAND

1. Stóra-Bretland og Norður-Írland

Ákvæði samkvæmt lögum um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits Act) frá 1992 og lögum um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits (Northern Ireland) Act) frá 1992 varðandi barnabætur (þar með taldar hærri fjárhæðir til einstæðra foreldra); greiðslur vegna framfærslu barna til lífeyrisþega og greiðsla til forráðamanns.

2. Gibraltar

Ákvæði samkvæmt reglum um almannatryggingar (opið bótakerfi til lengri tíma) (Social Security (Open Long-Term Benefits Scheme) Ordinance) frá 1997 og reglum um almannatryggingar (lokað bótakerfi til lengri tíma) (Social Security (Closed Long-Term Benefits Scheme) Ordinance) frá 1996 varðandi hækun á greiðslum vegna framfærslu barna til lífeyrisþega og greiðsla til forráðamanns.“

8. nóvember 2001

Nr. 848

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, svæði A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins þann 5. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, dags. 25. mars 1997 með síðari breytingum. Um er að ræða svæði A, vestan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þar sem gert er ráð fyrir að hafa þjónustustarfsemi í tengslum við flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Breytingin er fólgin í aukningu byggðar og breyttu vegakerfi miðað við núgildandi deiliskipulag. Auk skrifstofuhúsa, hótels og bílaleiga samkvæmt núgildandi deiliskipulagi, er lagt til að hafa á svæðinu stjórnarsýsluhús og þjónustu- og atvinnuhús.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 25. mars 1997.

Utanríkisráðuneytinu, 8. nóvember 2001.

F. h. r.

Gunnar Gunnarsson.